

Ísafjarðarbær  
Skipulags- og byggingafulltrúi  
Axel Rodriguez Överby  
Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

**AFRIT**



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 16. nóvember 2016  
UST201611-004/J.S.J.  
09.04.01

## **Efni: Fornasel, Keldudal í Dýrafirði – Umsögn um byggingaleyfi**

Umhverfisstofnun vísar til erindis skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar dags. 1. nóvember 2016 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um byggingarleyfi við Fornasel, Keldudal í Dýrafirði

### **Lýsing framkvæmdar**

Fram kemur í umsókn að sótt sé um byggingarleyfi fyrir 25m<sup>2</sup> bústað í landi Fornasels, Keldudals í Dýrafirði.

### **Áhrifamat**

Svæðið er á náttúruminjasrá nr. 311, n.t.t. skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. Skilgreint náttúruminjasvæði er allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 311 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. Verndargildi svæðisins er fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskoru fjallendi, framhlaup og jökulminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur ekki upplýsingar um að greining á gróðri hafi átt sér stað á fyrirhuguðum byggingareit og því ekki hægt að fullyrða um þær tegundir plantna sem fyrirfinnast og samanburður við útgefinn *válista plantna* ekki mögulegur. Til samanburðar bendir stofnunin á að Náttúrustofa Vestfjarða (NV nr. 06-08) vann greiningu á gróðri árið 2007 við Drangahlíð í Dýrafirði vegna mögulegra Dýrafjarðargangna en það svæði gæti verið sambærilegt við það svæði sem hér um ræðir. Engar sjaldgæfar tegundir háplantna né tegundir af válista fundust við þá greiningu, né sjaldgæf eða heilstæð gróðurlendi samkvæmt skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða.

### **Umsögn**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að öllu raski á landi og/eða jarðveg við framkvæmdina verði haldið í lágmarki. Stofnunin telur mikilvægt að vernda jarðmyndanir og vistkerfi og bendir á að í Stefnumótun stjórnvalda til ársins 2020, *Velferð til framtíðar*, í kafla 7 um vernd lífríkis Íslands, er fjallað um þau markmið sem Ísland hefur sett er varðar fjölbreytileika tegunda og vistgerða verði viðhaldið og forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að viðhalda þeim vistkerfum sem eru á Íslandi og að þau fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum, sér í lagi á svæðum á náttúruminjaskrá.

Í X. Kafla. 61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, varðandi sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl., skal leyfisveitandi við mat umsóknar líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Í X. Kafla. 62.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, varðandi sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa, er þess getið að framkvæmdir í eða við vötn og ár skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi.

Umhverfisstofnun er kunnugt um að vegslóði liggi inn Keldudal að landi Fornasels og því yrðu áhrif þess að koma byggingarefni á staðin óveruleg, að því gefnu að framkvæmdaraðili taki mið af burðargetu slóðans við efnisflutninga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveitumál verði í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og leiðbeiningar stofnunarinnar varðandi meðferð skólps frá stökum húsum utan þéttbýlis.

Verði skilyrðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 framfylgt og góðu verklagi fylgt við framkvæmdir metur Umhverfisstofnun það sem svo að framkvæmdin sem slík muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst

Jón Smári Jónsson

Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Teymisstjóri